



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Seljakot

2021 - 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	4
1 Greinargerð leikskólustjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020 - 2021	8
3 Innra mat deilda	13
3.1 Mói	13
3.2 Mýri	17
3.3 Kot	23
3.4 Ból	27
3.5 Sel	31
4 Innra mat Sérkennsla.....	33
9 Innra mat Fjöltýngd börn.....	36
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	38
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	40
8 Foreldrasamvinna.....	41
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	42
10 Fylgigögn.....	44
10.1 Fylgiskjal 1 skóladagatal 2021-2022	44
10.2 Fylgiskjal 2 Menntastefna umsókn 2021	44
10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	44



Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í samstarfi við foreldra eflir leikskólinn alhliða þroska barna, stuðlar að öryggi þeirra og vellíðan. Seljakot starfar í anda Reggio Emilia hugmyndafræðinnar þar sem áherslupættir eru *frumkvæði - sköpun - tjáning*.

Mikilvægt er að veita börnum hvetjandi uppeldisumhverfi þar sem allir fá viðfangsefni við hæfi. Í Seljakoti er lögð áhersla á að börnin fái notið bernsku sinnar í leik og starfi og að þeim sé sýnd virðing og umhyggja.

Allir eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans þar sem áhugi, hæfni og styrkleikar einstaklingsins fá notið sín. Litið er á menntun, uppeldi og umönnun sem eina heild. Markmið okkar er að hvert barn fái notið sín og verði sjálfstæðir og félagslega sterkir einstaklingar.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er óhætt að segja að síðasta starfsár hafi verið ár áskorana og nýrra verkefna, ásamt hefðbundnum, fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum.



fyrirmyndar.

Stjórnendur Seljakots tóku við stjórnartaumunum í leikskólanum Seljaborg með stuttum fyrirvara haustið 2020. Það var afar gott að koma í Seljaborg, það var virkilega vel tekið á móti okkur og við fundum strax að starfsmannahópurinn var jákvæður, metnaðarfullur og kraftmikill. Fljótlega byrjað að breyta og bæta starfið og starfsaðstæður barna og kennara. Seljaborg hafði áður starfað í anda Hjallastefnunnar en með tímanum hafði frekar fjarað undan þeim áherslum. Í kjölfar breytinganna var

Nýbygging reis við leikskólann Seljakot og leikskólinn sjálfur var nánast gerður fokheldur með tilheyrandi raski, hávaða og álagi fyrir kennara og börnin. Þegar þetta er ritað þá er farið að sjá fyrir endann á framkvæmdunum. Það er mikil tilhlökkun og áskorun að hefja nýtt starfsár í nánast nýjum leikskóla þar sem starfsaðstæður barna og kennara verða gjörbreyttar og til



var bæði

keypt inn nýtt námsefni, leikföng og bækur, auk þess sem húsgögn voru endurnýjuð.

Um áramótin hófst stytting vinnuvikunnar, vinnuvikan fór úr 40 stundum í 36 stundir. Áður hafði farið mikil og ómetanleg vinna hjá vinnutímahópnum bæði í Seljakoti og Seljaborg við að fara yfir helstu áskoranir, starfsaðstæður, breytingar á verklagi, vinnutíma starfsmanna, skipulag starfsins og svo mætti lengi telja. Kennarar tóku styttingunni fagnandi enda um kærkomna og afar fjölskylduvæna þróun á vinnumarkaði að ræða. Almenn ánægja er meðal



starfsmanna hvernig til tókst. Engu að síður má segja að vinnustyttingin hafi bæði kosti og galla.

Heimsfaraldurinn hélt áfram að geisa, sem hafði gríðarleg áhrif á okkur og starfið í leikskólanum.

Við erum komin í góða þjálfun við að herða og slaka á

sóttvarnareglum. Skólastarfið, samskipti á milli hópa og samskipti við foreldra voru mjög takmarkandi og setti það lit sinn á allt skólasamfélagið. Starfsmannahópurinn sýndi mikið umburðarlyndi, seiglu og þolinmæði, sem undirrituð er ævinlega þakklát fyrir. Það er gott að tilheyra og starfa þar sem metnaður og vinsemd er ríkjandi.



Seljakot og Seljaborg hafa skilað uppfærðri aðgerðaráætlun vegna Menntastefnunnar til SFS. Áfram er lögð áhersla á félagsfærnina og sjálfshjálpin en að auki ætlum við að byrja að innleiða mál og læsis þátt menntastefnunnar, sjá markmið og aðgerðaráætlun í fylgiskjali.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020 - 2021

Innra mat

Skólaárið 2020 - 2021 hélt áfram að vera með breyttu sniði vegna Covid-19 og var starf leikskólans í stöðugu endurmati sökum þessa. Áætlað var að meta tvo þætti



á starfsárinu, annars vegar endurmat á skólanámskrá leikskólans frá árinu 2015 og hins vegar bætta vinnuaðstöðu kennara.

Mat á bættri vinnuaðstöðu var einnig í innra mati skólaársins 2019 - 2020 og má segja að langur undirbúningur hafi nýst vel þar sem breytingar til hins betra voru gerðar á verkáætlun viðbyggingar. Framkvæmdir hófust loks um haustið 2020 og var fyrsti fasi bygging starfsmannaálmú og hreyfisals. Þeirri

framkvæmd átti að ljúka í mars en lauk í maí 2021. Þá fluttu stjórnendur sig um set á nýja skrifstofu en önnur herbergi í álmunni voru nýtt undir geymslur og kaffistofur starfsmanna. Þegar framkvæmdum verður lokið verða þessi rými að sérkennslu-, fundar- og undirbúningsherbergi og kaffistofa starfsmanna verður í eldri byggingu.

Nú er annar fasi framkvæmda í gangi. Þar verða brunavarnir endurbættar sem og hljóðvist í eldri byggingu sem hýsir Ból, Kot, Sel og eldhús. Kot pakkaði sinni deild niður og flutti sig í hreyfisalinn í júní og í sumarlokun leikskólans er áætlað að taka í gegn Ból, fataherbergi, eldhús og gömlu undirbúnings- og sérkennsluherbergin. Við vonum að þær framkvæmdir gangi vel og haldi tímaáætlun.

Starfsmenn Seljakots hafa því unnið við skrítnar aðstæður í vetur, bæði sökum Covid og framkvæmda. Þetta hefur sannarlega litað starf leikskólans og hafa kennarar þurft að breyta dagskipulagi með skömmum fyrirvara. Sem dæmi þurfti að færa matstofu inn á deildir með eins dags fyrirvara. Þetta hefur gengið vonum framár enda vinnur sveigjanlegt starfsfólk í Seljakoti sem spýtir í lófana þegar þörf er á. Þar sem matsþátturinn Bætt vinnuaðstaða kennara er enn í framkvæmd verður hann áfram í matsáætlun næsta skólaárs.



Seinni þátturinn sem fólst í að meta skólanámskrá leikskólans frá árinu 2015 varð einnig fyrir utanaðkomandi áhrifum. Þó það hafi ekki verið sökum Covid þá urðu breytingar á stöðu stjórnenda í Seljakoti í september 2020. Þá tóku þær við



tímabundinni stjórn leikskólans Seljaborgar. Þar sem mikil óvissa var um áframhaldandi stjórnun Seljaborgar var ákveðið að bíða og sjá hvort leikskólarnir yrðu sameinaðir áður en nýrri og endurbættari skólanámskrá yrði hrint í framkvæmd. Enn hefur engin ákvörðun verið tekin um sameiningu og að svo stöddu sinna stjórnendur Seljakots enn tímabundinni stjórnun í Seljaborg. Endurmat á skólanámskrá verður því sett til hliðar að sinni en tekið upp að nýju skólaárið 2022 - 2023.

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Bætt vinnuaðstaða kennara	Matið á skipulagsdögum þar sem umræður voru í starfsmannahópnum. Stjórnendur miðluðu til kennara og ræddu um áframhaldandi framkvæmdir	Stjórnendur og starfsmenn	Framkvæmdir eru enn í gangi og því erfitt að klára þennan matsþátt fyrr en komin er betri reynsla á notkun rýmisins. Haldið verður áfram með þennan þátt á komandi skólaári.
Skólanámskrá endurmetin			Mikil óvissa ríkir um sameiningu Seljakots og Seljaborgar. Því var ákveðið að fresta endurmati á skólanámskrá þar til niðurstaða fæst. Ef til sameiningar kemur verður ein námskrá gerð fyrir báða skóla. Ef ekki verður þessi þáttur metinn aftur skólaárið 2022 - 2023

Ytra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Viðhorfskönnun foreldra	Viðhorfskönnun á netinu.	Foreldrar í Seljakoti	Á heildina litið var mikil ánægja með starfið í Seljakoti.
Viðhorfskönnun starfsfólks	Viðhorfskönnun á netinu.	Starfsfólk í Seljakoti	Almenn ánægja í nánast öllum þáttum starfsins.

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Ný og bætt vinnuaðstaða kennara og barna	Að vinnuaðstaða kennara og barna sé til fyrirmyndað	Taka í notkun nýjan og endurbættan skóla, starfs - mannaráymi, listasmíðju og hreyfisal. Opna nýja deild.	Sigríður og Ragnheiður	Haust 2021	Vor 2022	Metið á skipulagsdögum í starfsmanna hópnun og á deildarstjórnarfundum	Að skipulag húsnæðis gefi kost á samstarfi allra í leikskólanum og að það fari vel um alla. Að skipulagið bjóði upp á metnaðarfullt og faglegt starf

Uppeldis- og menntastarf

Ígrundun í starfi	Að starfsfólk eflist í starfi Að starfsfólk auki sjálfspekkingu sem starfsmaður	Reglulegar umræður um starfið á deildinni/rými innan hópsins um starfið. Opin og heiðarleg samskipti. Starfsumhverfi sem allir tilheyra, rými og tækifæri til að þroskast.	Ábyrgð Ana	Sept 2021	Maí 2022	Umræðuhópar þvert á deildir á skipulagsdögum Deildarfundir um starfsemi deildarinnar	Starfsfólk verði meðvitað um leiðir til að nálgast börnin sem einstaklinga og hvers vegna. Kennari beinir aukinni athygli að sambandinu við börnin. Starfsfólk sé meðvitað um hvernig það bregst við hverjum og einum einstakling
-------------------	--	--	------------	-----------	----------	---	---

Mennta stefna Reykjavíkur



Lubbi finnur málbein	Aukin málörvun með áherslu á hljóðkerfi s vitund og bókstafa- þekkingu	Innleiðing námsefnisins Lubbi finnur málbein	Kristí n Mar og Magga	Haust 2021	Vor 2022	Metið á skipulags dögum í starfsmanna hópnum og á deildarstjóraf undum	Að allar deildir hafi tileinkað sér námsefnið og fléttað það inn í daglegt starf.
-------------------------	--	---	--------------------------------	---------------	-------------	--	---



3 Innra mat deilda

3.1 Mói



Leikskólaárið 2020 - 2021 voru 13 börn í Móa, tíu fædd árið 2018 og þrjú fædd árið 2019. Barnahópurinn einkenndist af sterkum og orkumiklum einstaklingum með mikla hreyfipörf og þurftu þau töluverðan stuðning við félagsleg samskipti. Vettvangsferðir voru hluti af starfinu og reyndust vel til að svara hreyfipörf barnanna. Gönguferðir í nánasta umhverfi leikskólans var áhrifarík leið til að efla vináttu og hjálpsemi innan

hópsins en reynslan sýndi að þau hjálpuðust að og unnu betur saman fyrir utan skólalóðina. Stöðvar þar sem mismunandi efniviður var í boði virkað einnig vel þar sem börnin flæddu á milli svæða og skiptust á.

Ferilmappan veitti börnunum mikið öryggi. Þau sóttu mikið í sínar möppur, skoðuðu myndirnar og sýndu öðrum börnum myndir og verk. Myndirnar hjálpuðu einnig til við að rifja upp starfsemi deildarinnar og nýttust vel sem hjálpartæki til að hvetja börnin til að deila, tala saman og sýna hinum börnum myndir af sínu fólki og/eða listaverkum.

Félagsfærni með Blæ sem hjálpartæki: Það náðist að festa Vináttuverkefnið Blæ sem hluta af daglega starfinu þrátt fyrir að bangsinn Blær væri í sóttkví mestan hluta árs. Unnið var með Blæ að því að vera vinir, vera góð við hvert annað, sjá og skilja tilfinningar annarra auk þess að hlusta. Þetta hefur verið stöðugt verkefni allt árið þar sem félags- og samskiptafærni þurfti töluverðan stuðning í barnahópnum. Segja má að það hafi verið mjög krefjandi um tíma og

var verkefnið því stöðugt ferli allt skólaárið. Dagleg umræða og myndræn gögn af tilfinningum og atvikum voru hengd á vegg deildarinnar. Það vakti athygli barnanna og gerði þau meðvituð um eigin tilfinningar og annarra. Börnin bentu til dæmis á mynd sem sýnir grát þegar einhver var að gráta á deildinni eða bentu á mynd sem lýsti hvernig þeim leið.

Kennarar í Móa teiknuðu broskall í lófa barnanna þegar þau spurðu um eða söknuðu foreldra sinna. Broskallinn var táknrænn fyrir pabba eða mömmu og skilaboð hans voru að foreldrarnir séu að hugsa vel um þau og börnin gera það sama. Einnig var rætt við börnin þegar eitthvert þeirra var fjarverandi. Þá var búin til blaðra með höndunum, börnin fengu að ákveða í hvaða lit blaðran var og svo var hún send af stað til þess barns sem var fjarverandi. Með þessu var verið að auka samkennd, taka eftir þeim sem ekki voru á staðnum og senda þeim eitthvað fallegt - þó blaðran væri hugræn.

Málörvun: Á deildinni var augin áhersla lögð á málörvun og var allt starfsfólk meðvitað um hlutverk sitt við eflingu tungumálsins. Bækur voru lesnar oft á dag og gátu börnin alltaf komið til starfsmanna með bækur til að skoða. Lestri bóka var fléttað saman við frjálsan leik sem og skipulagðar samverustundir. Að auki var spilað og hlustað á sögur, tónlist og gerðar æfingar við að leika hugtök líkt og að ganga hægt/hratt, fyrir aftan, fyrir framan og fleira. Sérstaklega var unnið með einstaklinga sem lögðu mikið á sig við samskipti en vantaði töluvert upp á orðaforða til að tjá sig.



Myndrænu gögnin reyndust vel við málörvunina ásamt vinnu í fámennum hópum. Á heildina litið tókst okkur að flétta málörvun vel inn í daglegt starf. Á síðari hluta skólaársins nýttum við frjálsan leik barnanna og aðrar stundir þar sem börnin voru við sjálfvalin verkefni til að efla tungumálið heldur en að taka þau út úr hópnum.

Lýðræði: Sett voru markmið um að auka áhrif og hlusta á raddir barna í samverustundum. Börnin höfðu áhrif á hvað var gert með því að velja lög sem átti að syngja og bækur sem átti að lesa. Starfsfólkið var meðvitað um hvar áhugi hópsins lá og tekið var tillit til þess í starfseminni, til dæmis má nefna áhugann á farartækjum og hreyfingu. Lýðræði með börnunum fólst t.a.m. í að auka áhrif yngstu barnanna í ákvarðanatöku. Það var krefjandi verkefni sem gekk vel í smærri hópum þar sem flestir höfðu takmarkaða samskiptagetu með orðum. Myndræn gögn voru gagnleg í þessari áskorun ásamt grunntakti með tali og handahreyfingum. Það krafðist virkrar hlustunar af hálfu starfsfólksins að skilja bæði yrt og óyrt mál hjá börnunum. Við höfum ákveðið að halda áfram að vinna með lýðræði, vekja á því athygli og skoða viðhorf barnanna um það.

Þetta var krefjandi leikskólaár í Móa en flest markmið sem við settum í fyrra hafa náðst. Við erum stoltar af okkar vinnubrögðum, allir hafa lagt mikið á sig við að sinna starfinu eftir bestu getu og vera tilbúin að læra meira á hverjum degi - alltaf með börnin í fyrirrúmi.

Að lokum viljum við efla ígrundun okkar í starfi, verða meðvitaðri um hlutverk okkar sem kennarar, öðlast meiri reynslu og leita leiða til að þróa faglegt starf deildarinnar.



UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að börnin bæti við grunn- orðaforða sinn Að efla samskiptahæfni	Myndræn gögn til staðar. Opnar spurningar. Virk hlustun og samskipti. Nægilegur tími og ró.	Katrín	Júní 2021	Maí 2022	TRAS. Deildarfundir. Skráningar með orðum og myndum. Endurmat des ’21 og maí ’22	Börn (2ja ára) geti notað og tjáð sig með algengum orðum. Börnin geti mótað spurningar. Bæta samskipti innan barnahópsins.
Lýðræði inni á deild	Að efla þátttöku/áhrif barna í daglegu starfi deildarinnar	Myndræn gögn. Opnar spurningar. Virk hlustun og samskipti kennara og barna. Leikföng og námsgögn sýnileg og aðgengileg. Svara áhugasviði barnanna. Ígrundun um starfið- kennari og börn. Skráningar.	Berglind	Júní 2021	Maí 2022	Deildarfundir, umræður um starf deildarinnar (börn og kennarar) Safna gögnum / skráningar Endurmat des ’21 og maí ’22	Börnin séu virkir þátt- takendur á sínnum forsendum. Starfsfólk sé meðvitað um hvernig það bregst við skoðunum barna. Börnin læra að tjá sig og segja frá eigin áhuga og óskum. Daglegt starf endurspegli sem best áhuga barnanna.

							Börnin þjálfist í að tala, hlusta og bíða.
Útinám	Að börnin kynnist umhverfi og náttúru á eigin forsendum.	Vikulegir göngutúrar í litlum hóp um nærumhverfið með áherslu á náttúru og mannvirki. Skráning gerð sýnileg börnum og kennurum.	Ábyrgð: Ana	Okt 2021 Mars 2022	Nóv 2021 Maí 2022	Demantaaðferð við lok hvorrar tímaáætlunar fyrir sig. Gögnum safnað með uppeldisfræðilegri skráningu; ljósmyndir, orð og setningar skráðar ásamt atferli. Hugarkort.	Að börnin hafi úthald í styttri ferðir og færni til að fylgja hóp þar sem ákvarðanir eru teknar í sameiningu. Að börnin sýni umhverfinu áhuga og virðingu.

3.2 Mýri

Þetta skólaárið voru 14 börn í Mýri, tíu fædd árið 2018 og fjögur fædd árið 2019. Barnahópurinn var sérstaklega samheldinn og ríkti mikil virðing og góð vinátta milli barnanna. Aðlögun um haustið gekk vonum framar og strax í september voru öll börn örugg og tilbúin í skipulagt leikskólastarf.

Um haustið tók við mikil festa í dagskipulaginu með áherslu á samverustundir, frjálstan leik, hópastarf og útiveru. Í frjálsum leik kom fljótlega í ljós að áhugi barnanna beindist að kubbum. Því var ákveðið að gera kubbakrók þar sem börnin höfðu óheft aðgengi að einingakubbum og litlum holukubbum. Einnig var keypt stórt segulkubbasett og voru allir kubbar í stöðugri notkun út skólaárið. Í vikulegu hópastarfi var börnunum skipt upp í fjóra hópa og var hver kennari með sinn hóp. Á meðan tveir hópar voru í hópastarfi fóru tveir hópar saman í vettvangsferð. Því skapaðist mikil samvinna milli hópa. Fyrir áramót var

skipt í hóp þvert á aldur barnanna. Eftir áramót var ákveðið að mynda einn hóp fyrir börn fædd árið 2019 og koma þannig betur til móts við þroska þeirra og færni. Það reyndist rétt og góð ákvörðun. Samskonar hópaskipting var í daglegum samverustundum en með því var unnið enn markvissara að málörvun barnanna.

Sameiginlegt þema leikskólans var tré. Í vettvangsferðum völdu hóparnir sér tré til þess að fylgjast með í árstíðarskiptum og heimsóttu hóparnir trén sín að hausti og vetri. Í hópastarfi voru greinar, laufblöð og ber nýtt til sköpunar og frekari rannsóknar. Eftir áramót dró verulega úr krafti þemavinnunnar og sýndi hugtakakort um tré að áhugi barnanna leitaði annað. Um vorið gróðursettu eldri börnin papriku-, epla- og mandarínufræ og fylgdust með ferlinu þegar fræ varð að tré. Um vorið sköpuðust miklar umræður um eldgosið í Geldingadal og má segja að það hafi tekið við sem þema deildarinnar. Eldgosinu var tvinnnað saman við hópastarf, skapandi starf, frjálsan leik og samverustundir.

Félags- og tilfinningavitund: Vináttuverkefnið Blær hefur náð góðri festu á deildinni og nýtist vel við eflingu félags- og tilfinningaþroska. Því miður var bangsinn Blær í sóttkví allt skólaárið en þess í stað var meiri áhersla lögð á



myndræn gögn og grunntilfinningarnar reiður, leiður, glaður og hissa. Þar var bæði notast við tilfinningaspjöld Blæs, myndir af tilfinningum bókapersóna sem börnin þekkja og myndir af börnunum sýna hjálpsemi, samvinnu og umhyggju. Börnin veittu myndunum mikla athygli og tengdu sinn reynsluheim við tilfinningarnar sem myndirnar sýndu. Styrkleikar þess að nýta Vináttuverkefnið var að börnin lærðu að þekkja sínar eigin tilfinningar og að bera virðingu fyrir tilfinningum annarra. Heilt yfir lærðu börnin að sýna samkennd, tóku eftir því ef einhverjum leið illa og glöddust með ef aðrir voru glaðir. Verkefnið ýtti undir aukin samskipti og hafði því einnig áhrif á bæði félags- og málþroska barnanna á deildinni. Mun fleira er til í gagnabanka deildarinnar fyrir Vináttuverkefnið og er það áskorun fyrir næsta skólaár að gera starfið með Blæ enn fjölbreyttara og tengja það betur við samverustundir.

Málörvun: Markviss málörvun hófst strax í upphafi skólaárs með áherslu á Orðaspjallsaðferðina. Að auki var notast við söng, þulur, spil og samræður í leik og starfi. Allir kennarar voru meðvitaðir um að setja orð á athafnir og hluti, endurtóku setningar barnanna, spurðu opinna spurninga og héldu uppi samræðum. Í Orðaspjalli var nú gefinn lengri tími við hvert orð/hugtök og var



unnið í 4 - 6 vikur með hvert orð/hugtök. Sem dæmi vann eldri hópurinn með tilfinningar, litina, undir - yfir og árstíðirnar og yngri hópurinn með kyn, stór - lítill, litina og árstíðirnar. Á vorönn voru öll börn fædd árið 2018 skimuð með TRAS málþroskaskimun og tvisvar yfir skólaárið var skimað fyrir orðaforða, setningaskipan og frásagnarfærni barnanna.

Það tókst vel að fjölga spilum við málörvun líkt og stefnt var að í upphafi. Á vorönn tók barnahópurinn miklu ástfóstri við hljóðbókina Skrímslið, litla systir mín og má athuga hvort sú saga gæti nýst við þemavinnu næsta skólaárs. Hljóðbækur má líka nýta betur á næsta skólaári og því áskorun að fjölga verkfærum til málörvunar.

Vettvangsferðir: Vettvangsferðir hófust um haustið og fór hver hópur í vettvangsferð einu sinni í viku. Ferðirnar voru hápunktur vikunnar hjá flestum börnum og urðu miklar framfarir á grófhreyfingum, jafnvægi og úthaldi barnanna. Ferðirnar gáfu tækifæri til útskýringa og samræðna um náttúruna og umhverfið. Í fyrstu voru ferðirnar stuttar en með auknu úthaldi og þekkingu á umhverfinu urðu þær lengri og börnin fengu meiri áhrif í ákvörðunartöku.

Fyrirhugað var að tengja ferðirnar við trépema skólans og gekk það ágætlega á haustönn. Vinsælasti viðkomustaðurinn var lækurinn sem rennur niður dalinn. Þar eyddu börnin löngum tíma í að vaða og skoða eiginleika vatnsins með klökum, trjágreinum og grasi.

Þetta skólaárið var lítið notað námsefnið Færni til framtíðar og má skoða það betur fyrir næsta ár. Að auki var ætlunin að nýta Demantaaðferð með börnunum til að meta ferðirnar en svo varð ekki. Að öðru leyti má segja að vettvangsnámið hafi náð góðri festu í starfinu og margt sem getur vel nýst áfram.



UMBÓTA - PÁTTUR/ MATSPÁ TTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyr gð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Félags- og tilfinninga -vitund	Að efla félags- og tilfinninga- þroska barna með áherslu á vináttu og samkennd	Samveru- stundir/ frjáls leikur Umræður um vináttu með tengingu við Blæ. Myndræn gögn um vináttu og tilfinningar. Dagleg samskipti með áherslu á virðingu, jafnræði og vinsemd. Skráning gerð sýnileg börnum og kennurum.	Edda Björg	Sep t 202 1	Maí 202 2	Gögnum safnað saman með uppeldis- fræðilegri skráningu: ljósmyndir, orð og setningar skráðar ásamt atferli. Umræða á deildar- fundum.	Að börnin þekki grunn- tilfinningarnar: reiður, glaður, leiður og hissa. Börnin öðlist vitund um að aðrir hafa tilfinningar og að þau sjálf hafi áhrif á tilfinningar annarra. Börn sýni áhuga á hliðarleik, samleik og færi sig í átt að hlutverka- leik.
Málörvun	Að börnin efli málfærni sína og eflist í samskiptum	Orðaspjalls-aðferð samhliða markvissri málörvun með bóklestri, samræðum og málörvunarspilum. Virk samskipti kennara við börn í gegnum leik og starf.	Hulda Karen	Sep t 202 1	Maí 202 2	TRAS Málþroska- skimun fyrir börn á þriðja aldursári. Alhliða málþroski metinn 3x á árinu með skráningu á orðaforða, setninga- skipan og frásagnar- færni.	Að tveggja ára börn hafi tök á tveggja orða setningum, hafi áhuga á samskiptum og sýni bókum áhuga. Að börn geti tjáð þarfir sínar og langanir með sínum hætti ásamt því að geta átt í félagslegum samskiptum við jafnaldra.



						Regluleg skráning á samskiptum barnanna og hvaða tjáningar form þau nota.	
Útinám	Að börnin kynnist umhverfi og náttúru á eigin forsendum	Vikulegir göngutúrar í litlum hóp um nærumhverfi með áherslu á náttúru og mannvirki. Skráning gerð sýnileg börnum og kennurum.	Virginia	Okt 2021 Mar 2022	Nóv 2021 Maí 2022	Demanta- aðferð við lok hvorrar tímaáætlunar fyrir sig. Gögnum safnað með uppeldisfræðilegri skráningu; ljósmyndir, orð og setningar skráðar ásamt atferli. Hugarkort.	Að börnin hafi úthald í styttri ferðir og færni til að fylgja hóp þar sem ákvarðanir eru teknar í sameiningu. Að börnin sýni umhverfinu áhuga og virðingu.



3.3 Kot

Í koti voru 22 börn í vetur, sex börn fædd árið 2016 og sextán börn fædd árið 2017. Á heildina litið gekk starfið vel þrátt fyrir takmarkanir vegna Covid-19. Áhersla var lögð á að skapa meira næði og rólegheit í leiknum og veita börnum frekara tækifæri til að njóta sín í leik og starfi. Það var meðal annars gert með því að skipta barnahópnum í tvo hópa. Á meðan annar hópurinn fór í útiveru var hinn hópurinn í frjálsum leik inni á deild. Með því sköpuðust betri aðstæður fyrir frjálsa leikinn, bæði innan- og utandyra. Börnin fóru einu sinni í viku í hópastarf og hreyfistund. Í hópastarfi var börnunum var skipt í fjóra litla hópa og í



hreyfistundum var börnunum skipt í tvo hópa eftir aldri, Mánaþópur (eldri) og Sólarþópur (yngri). Í upphafi skólaárs voru hreyfistundirnar innandyra og var þar farið í fjölbreytta leiki og æfingar. Um veturinn hófust framkvæmdir sem þrengdu verulega að hreyfistundunum. Því var ákveðið að færa stundirnar út og gafst það mjög vel. Úti var áfram farið í leiki og æfingar ásamt vettvangsferðum um nágrennið. Einnig var

þema skólaársins, tré og eiginleikar þess, fléttað saman við ferðirnar og völdu hóparnir sér tré sem þau fylgdust með í árstíðaskiptunum. Börnin voru alltaf spennt að fara í þessar hreyfistundir og er ætlunin að gefa þeim frekara rými í deildarstarfinu á næsta skólaári. Þá munu þessar stundir kallast útinám.

Orðaspjall: Markvisst var unnið með Orðaspjallsaðferðina á þessu starfsári.

Börnunum var skipt upp í fjóra hópa og fór hver hópur tvisvar í viku í málörvunarstund. Þar voru lesnar bækur, spilað og hver hópur valdi sér orð upp úr bók til að vinna með. Markmiðið var að vinna með eitt orð á viku og náðist það

markmið. Orðin sem hver hópur valdi voru prentuð út og límd upp á vegg. Þannig voru orðin gerð sýnileg og reglulega var rætt við börnin um orðin og rifjuð upp merking þeirra. Vikulega voru bækurnar og orðin sem valin voru sett inn á foreldrasíðu



deildarinnar. Með því voru foreldrar hvattir til að nota orðin heima og ræða þau enn frekar við börnin. Áætlað er að halda áfram með málörvunarhópa og Orðaspjallsaðferðina á næsta skólaári og verður fundið nýtt og áhugaverðara nafn fyrir þær stundir.

Vináttuverkefni Barnaheilla: Vegna aðstæðna í samfélaginu var lítið rými til að vinna markvisst með Vináttuverkefni Blæs. Bangsinn Blær var í sóttkví mest allt skólaárið en reglulega yfir veturinn voru atvikaspjöld Blæs sýnd börnunum.

Spjöldin sýndu tilfinningar, samvinnu og árekstra sem gjarnan koma upp í samskiptum barna. Rætt var við börnin um það sem spjöldin sýndu og tengdu mörg þeirra sína eigin reynslu og upplifun við það sem þau sáu. Það er því markmið næsta skólaárs að vinna enn betur með verkfærakistu Blæs þar sem sérstök áhersla verður lögð á félagsfærni, tilfinningavitund og vináttu.

Sjálfs hjálp: Áhersla var lögð á sjálfs hjálp í öllu starfi á deildinni þar sem börnunum var gefinn góður tími til að prófa sig áfram við margvíslegar aðstæður. Sjálfs hjálp í fataherbergi gekk framur vonum. Með því að skipta deildinni í tvo hópa þar sem annar fór í útiveru á meðan hinn var inni skapaðist mikil ró í fataherberginu og börnin fengu meira rými til þess að klæða sig sjálf í útifötin.

Vegna aðstæðna í samfélaginu var ekki unnt að auka sjálfshjálp í matstofu og sáu starfsmenn um að skammta á diska mest allan veturinn. Því verður haldið áfram með aukna sjálfshjálp á næsta skólaári en víst er að aukin sjálfshjálp barna á deildinni er komin til að vera. Að auki eru starfsmenn mun meðvitaðri um mikilvægi sjálfshjálpar og áhrifa hennar á fín- og grófhreyfingar, sjálfsmynd og ábyrgðarkennd.



UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun og orðaspjall	Að auka skilning og orðaforða barnanna.	Sögu- og spilastundir fyrir hádegi tvisvar í viku. Lesum bækur og veljum eitt orð á hóp á viku. Rætt við börnin reglulega um merkingu orðanna í daglegu starfi. Spilum og vinnum með málörvun og hljóðkerfisvitund. Verkefni tengd Lubbi finnur málbein.	Jóhan na	Sept 2021	Maí 2022	EFI-2 málproska- skimun og Tras skráning á málproska barna. Deildarfundir og samræður við börnin ásamt skráningum.	Að skilningur, tjáning og orðaforði aukist.
Félagsfærni og vinátta	Styrkja samskipti í barna- hópnum.	Vináttuverkefnið Blær, umræður um vináttu og tilfinningar. Vinastundir einu sinni í viku og umræður í daglegu starfi.	Halla	Sept 2021	Maí 2022	Umræður á deildarfundum og samtöl við börnin.	Að börnin séu meðvituð um tilfinninga- vitund og geti tjáð líðan og sýni samkennd.
Útinám	Efla hreyfi- þroska, skynjun á umhverfi og læra að umgangast umhverfi sitt af virðingu.	Vikulegar stundir einu sinni í viku þar sem unnið er markvisst með hreyfingu og vitund um nærumhverfi.	Ábyrgð: Guðbjörg	Sept 2021	Maí 2022	Demanta- aðferðin, hvað finnst börnunum, ljósmynda- skráningar og deildarfundir.	Að börnin læri á umhverfi sitt, heilsu, auki úthald og séu meðvituð um sjálfbærni. Efla leikfærni í öðru umhverfi.



3.4 Ból

Í Bóli voru 23 börn í vetur, öll fædd árið 2015 nema ein stúlka fædd í ársbyrjun 2016. Barnahópurinn var einstaklega samheldinn og allir miklir vinir. Haustið fór vel af stað og var áhersla lögð á hópastarf, samverustundir, útiveru og frjálsa leikinn. Þema leikskólans

fyrir skólaárið var tré og fóru hóparnir í vettvangsferðir og fundu sér tré sem þau fylgdust með í árstíðarskiptum. Um haustið hófu börnin einnig þátttöku í verkefninu *Sofnað að*



hausti, vaknað að vori á vegum Grasagarðsins. Það tónaði vel við þema leikskólans og fóru börnin í fyrstu heimsókn í Grasagarðinn um haustið. Þar fengu þau fræðslu um hvað gerist í gróðrinum að hausti og vetri og hvert barn plantaði lauk sem síðan var kominn í blóma þegar börnin heimsóttu garðinn aftur um vorið. Börnin voru mjög áhugasöm um ferlið.

Það var nóg um að vera í Bóli í vetur en segja má að takmarkanir vegna Covid hafi haft áhrif á starfið. Í upphafi skólaárs fóru íþróttir á vegum ÍR af stað en enduðu á að vera stopular vegna takmarkana. Þá féllu einnig árlegar heimsóknir niður líkt og ferð elstu barna í Hörpuna og heimsókn Slökkviliðsins í



leikskólann. Þess í stað
var streymt frá
Sinfóníuhljómsveit
Íslands í Hörpu í
samverustund og horft
á efni frá Glóð og Loga
um eldvarnir. Eftir
áramótin tóku börnin
þátt í sameiginlegu
verkefni elstu árganga í

Breiðholti þar sem leikkona kom til starfa í Seljakot í tvær vikur. Hún skipti börnunum í litla hópa og fór með þeim í spunaleiki og hélt sögustundir. Þetta þótti börnunum mjög skemmtilegt og efldi framkomu þeirra til muna. Börnin náðu að sækja sýningu í Borgarleikhúsinu og skólaheimsóknir í grunnskóla hverfisins náðu að halda sínu striki yfir skólaárið. Um vorið hóf elsti árgangur vinnu við lokaverkefni sín en hvert barn samdi ljóð og saumaði mynd út frá ljóðinu í teppi. Um vorið frumfluttu þau ljóðin og sýndu teppin við hátíðlega útskriftarathöfn. Skólaárið endaði síðan með útskriftarferð í Viðey.

Síðdegishressing: Síðdegishressing tók breytingum yfir skólaárið en markmiðið að var að ná betra flæði í starfi deildarinnar. Fyrir áramót var börnunum skipt í þrjá hópa þar sem tveir hópar borðuðu á meðan einn var í samveru. Það gekk vel en eftir áramót, þegar framkvæmdir innanhúss og stytting vinnuvikunnar tók gildi, var ákveðið að breyta til og hafa eitt borð í rúllandi síðdegishressingu. Þá komu sex - sjö börn í einu að borða á meðan hin voru í frjálsum leik. Þetta reyndist mjög vel og gaf frjálssa leiknum aukið vægi í deildarstarfinu.

Félagsfærni: Um haustið var farið af stað með Vináttuverkefni Barnaheilla. Í nokkrum samverustundum var rætt við börnin um atvikaspjöld Blæs og urðu góðar

samræður um það sem börnin sáu á spjöldunum. Samverustundir með verkefnakistu Blæs hefðu hins vegar mátt vera fleiri og er það tækifæri til umbóta á næsta skólaári. Þar að auki var Blær bangsi í sóttkví nánast allt skólaárið en vonandi fær hann aukið frelsi á því næsta. Það einkenndi barnahópinn hve félagslega sterkur hann var og mikil samkennd var meðal barnanna.

Orðaspjall: Orðaspjallsaðferðin hefur náð góðri festu í málörvun deildarinnar. Í samverustundum voru lesnar bækur þar sem valin orð/orðatiltæki eru útskýrð. Börnin lærðu ný orð í hverri viku og flest voru þau dugleg að muna merkingu orðanna og tileinka sér orðin/orðatiltækin. Þetta gekk mjög vel og er komið til að vera.



UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Efla málproska	Með því að innleiða Lubba í daglegt starf og skipulagðar málörvunar- stundir	Kristín Mar	Okt 2021	Maí 2022	Á deildarfundum og á skipulagsdögum	Að börnin hafi lært málhljóðin í lok skólaárs.
Félagsfærni og vinátta	Að gera vináttuverkefnið um Blæ að föstum þætti í starfinu.	Að nota Blæ bangsa meira í leik og starfi. Að nota spjöldin og bókina sem fylgja Blæ í samveru stundum á föstudögum.	Kristín Sólveig	Sept 2021	Jan 2022	Gögnum verður safnað í bók þar sem skráðar verða Blæstundir og svo metið í lok tímabilsins.	Að börnin eflist í félagsfærni og vináttu.
Útinám	Að börnin kynnist náttúrunni og umhverfinu.	Reglulegar ferðir um nágrennið ásamt lengri ferðum.	Hólmfríður	Sept 2021	Júní 2022	Deildarfundir og mat með börnunum.	Að börnin fræðist um nær umhverfið sitt og náttúru.



3.5 Sel

Inni á Seli dvelja 15 börn. Sel er ný deild í Seljakoti sem opnaði í Október 2021.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsbjálþ	Að börnin öðlist betri hæfni í sjálfsbjálþ.	Gefa börnunum meira rými og tíma í fataklefanum með því að hafa færri í einu að klæða sig. Hvetja þau til að aðstoða hvert annað. Börnin skammti sjálf í matartímum og hvetja þau til að gera margt sjálf í þeim daglegum athöfnum sem fara fram í leikskólanum.	Ábyrgð: Sara Framkvæmd: Allir kennarar í Seli	Október 2021	Maí 2022	Eftirfylgni og hvetja börnin til að efla sjálfsbjálþ í gegnum daglega starfið í leikskólanum s.s. fataklefa, baðherbergi, matartímar, útivera o.s.frv.	Að börnin séu fær um að hjálpa sér sjálf í daglegu athöfnum.
Vettvangsferðir	Að kennarar og börn kynnist nærumhverfi leikskólans og náttúrunni.	Börnin fara í gönguferð einu sinni í viku í nánasta umhverfi leikskólans.	Ábyrgð: Jóhanna Framkvæmd: Allir kennarar í Seli	Janúar 2022	Maí 2022	Uppeldisfræðilegar skráningar og Demantaaðferð til þess að meta í lokin. En með þeirri aðferð fá börnin tækifæri til þess að tjá sig og koma sínun hugleiðingum á framfæri um það sem þeim þótti skemmtilegast eða síður skemmtilegt.	Að börnin eflist í að fylgja hópnum og taka sameiginlegar ákvarðanir.
Málörvun	Auka orðaforða og málsskilning barnanna.	Sögustundir og/eða samverustundir. Áherslan lögð á bókalestur og orðaspjallsaðferðina.	Ábyrgð: Sara Framkvæmd:	Janúar 2022	Maí 2022	Reglulegar skráningar á samskiptum barnanna. Ásamt TRAS sem er	Börnin efli orðaforða og orðasambönd. Ásamt því að öðlast



		Orðin gerð sýnileg á veggjum deildarinnar.	Allir kennarar í Seli.			framkvæmt með 6 mánaða millibili. Orðaspjalls orðin gerð sýnileg fyrir börn og foreldra.	frekari færni til þess eiga félagsleg samskipti við önnur börn sem kennara.
--	--	--	------------------------	--	--	--	---

4 Innra mat Sérkennsla

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Skipulag sérkennslu gekk ágætlega. Stundaskrár voru sýnilegar í þeim rýmum sem voru nýttar til sérkennslu. Vinnustundir voru skipulagðar á ákveðnum tímum dags, einnig voru deildir nýttar og barn/börn fengu sérkennslu í hópi barna. Mikil áhersla var lögð á málörvun í öllu daglegu starfi sem og í skipulögðum málörvunarstundum. Framfarir voru skráðar á þar til gerð eyðublöð og endurmat gert reglulega. Gerðar voru einstaklingsnámsskrár fyrir börnin og endurmat gert á 4 - 6 mánaða fresti.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	HLJÓM-2, EFI-2, TRAS, AEPS, íslenski þroskalistinn o.fl.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Það er til ríkulegt safn af málörvunarverkefnum og einnig var internetið notað.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022



UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið /aðferðir?	Viðmið um árangur
Virkt sérkennsluteymi	Að teymisvinna verði virkari. Stuðningsaðilar veiti hver öðrum stuðning og fræðslu Upplýsingaflæði milli stuðnings- aðila verði betra	Að allir stuðnings- aðilar fari eftir stundaskrá	Magga	Sept 2021	Des 2021	Mánaðarlegir teymisfundir. Reglulegar samræður um gagnsemi fundanna og ígrundun á starfi teymisins	Starf sérkennslu- teymis sé sýnilegt í daglegu starfi leikskólans Bætt yfirsýn með sérkennslu
Gerð einstaklings- námskrár	Að stuðnings- aðilar noti einstaklings- miðað nám	Stuðnings- aðilar og sérkennslu- stjóri geri saman einstaklings- miðaða námskrá Starfsmenn deilda viti markmið hverrar námskrár fyrir sig	Magga	Sept 2021 Jan 2022	Des 2021 Maí 2022	Námskrár metnar í lok hvorrar annar fyrir sig. Umræður við stuðningsaðila um árangur og viðmið Umræður við starfsmenn deilda um árangur og viðmið	Að allir starfsmenn leikskólans sem og stuðnings- aðilar hafi betri yfirsýn með sérkennslu- unni. Að einstaklings- miðað nám skili sér í auknum þroska barna sem þurfa á sértækri aðstoð að halda
Fundir Reglulega með deildar- stjórum	Gera deildar- starf virkara í daglegu starfi með stuðnings börnum	Sérkennslu- stjóri sitji deildarfundi ásamt	Magga	Sept 2021	Maí 2022	Umræður við starfs- menn deilda um leik	Aukið samstarf milli deilda og sérkennslu



		stuðnings- aðilum				og starf stuðnings- barns inni á deild	þar sem allir eru með- vitaðir um þarfir og nám stuðnings- barns
		Sérkennslu- stjóri fundi reglulega með deildar- stjórum					Barn með stuðning fái aukin tækifæri til þátttöku í deildarstarfi

9 Innra mat Fjöltýngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltýngdra barna 2020 - 2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltýngdra barna ráðstafað?	Í launakostnað v/ verkefnastjóra fjölmennningar.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já með því að setja orð á hluti og athafnir og nýta öll tækifæri sem gefast til að spjalla og efla málþroskann. Gefðu 10 hefur einnig verið notað til að beina kastljósi kennara að ákveðnum börnum í því augnamiði að efla málþroska og til að vera meðvitaður um að hver kennari „sjái“ og sinni þessum mikilvæga hluta í þroskaferli barnanna á hverjum degi.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Orðaspjall er notað á öllum deildum, lesið er eða sögur sagðar á hverjum degi og börnin læra lög og söngtexta. Þau eru spurð opinna spurninga og hvött til að tjá sig sem allra mest, daglegt spjall skiptir gríðarlegu máli og er haft í hávegum.
Er fylgst með framförum fjöltýngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Viðurkenndar skimanir á borð við Efi-2, Tras og HLJÓM-2 eru gerðar á öllum börnum. Það eru ekki notuð sérstök matstæki til að meta framfarir í íslensku hjá börnum sem eru fjöltýngd. Hins vegar eru hæfniramar í íslensku fyrir

	fjöltýngd börn til á öllum deildum og hafðir til hliðsjónar. Einstaklingsáætlanir hafa ekki verið gerðar fyrir fjöltýngd börn í leikskólanum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já við teljum svo vera.

Umbótaáætlun fjöltýngd börn 2021-2022

UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Mat á hæfni fjöltýngdra barna í íslensku	Að leggja mat á hæfni fjöltýngdra barna í íslensku.	Deildar- stjórar fylla út töflu sem unnin er upp úr hæfni-römmunum.	Kristín Mar og deildar- stjórar	Sept 2021	Maí 2022	Reglulegt endurmat á u.p.b. 2 mánaða fresti.	Að börnin hafi tök á hæfni-viðmiðum
Uppruni fjöltýngdra barna	Gefa fjöltýngdum börnum tækifæri til að deila uppruna sínum með öðrum	Lestur á bókum frá heimalöndunum Kynning á tungumálinu landinu, fána þess og þjóðhátíðardegi.	Kristín Mar	Sept 2021	Maí 2022	Ígrundun starfsmanna á kynningum á heimalöndum, þ.e. hvað gekk vel og hvað má gera betur	Að börnin á deildinni læri um og beri virðingu fyrir fjölmenningu Að sjálfs-traust og sjálfsmynd barna af erlendum uppruna eflist
Umhverfi	Að láta umhverfi leikskólans endurspegla fjölbreytileika barnahópsins	Myndir af þjóðfánum barnanna. Yfirfara bókakost og leikföng	Kristín Mar	Sept 2021	Maí 2022	Nota matsblaðið „Mat á umhverfi leikskólans“ úr skýrslu Lækjarborgar	Að leikskólinn endurspegli fjölbreytileikann

						Fjölmennningarlegur leikskóli.	
Foreldra-samstarf	Að koma á góðum samskiptum á milli leikskóla og foreldra barna af erlendum uppruna	Taka vel á móti foreldrum við upphaf leikskólagöngu, tryggja að mikilvægar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir foreldra sem ekki tala íslensku.	Kristín Mar	Sept 2021	Maí 2022	Fylgjast með þátttöku foreldra í leikskólastarfi	Efla foreldra-samstarf



6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Áfram verður haldið með starfspróunarsamtöl með snerpusniði. Þar er lögð áhersla á stutt og hnitmiðað viðtal en á móti boðað til þeirra oftast yfir skólaárið.

Hvert samtal inniheldur ákveðið þema:

Viðtal 1. starfsánægja, starfsandi og samskipti

Viðtal 2. Styrkleikar og hæfileikar

Viðtal 3. Tækifæri til vaxtar, þjálfun og starfsþróun

Viðtal 4. Nýsköpun og stöðugar framfarir

Símenntun frá síðasta ári:

- Lestur fræðibóka og greina
- Menntastefnumót fjarráðstefna
- Morgunverðarfundir hjá Rannung
- Menntakvika HÍ
- Fræðsla og umræður á skipulagsdögum/jafningjafræðsla
- Sérkennslustjórafundir
- Stjórnendadagur Reykjavíkurborgar
- Barnaheill: námskeið
- Fundir með tengiliðum fjölmennningar
- Þróunarstarf í menntastofnunum
- Starfstengd leiðsögn - leiðsagnarhlutverkið
- Leiðsögn og samvinna
- Lærdómssamfélag sérkennslustjóra
- Meistaránám í
leikskólakennarafræðum við HÍ
- Grunnám í
leikskólakennarafræðum við HÍ

Reynt er eftir fremsta megni að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja áhugaverð námskeið sem í boði eru á starfsárinu ef þau eru starfinu til heilla. Mikilvægt er að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja fyrirlestra,



ráðstefnur og málþing er varða leikskólastarfið. Símenntun leikskólans tekur mið af stefnu leikskólans, skólanámskrá leikskólans, Aðalnámskrá leikskóla, starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs og nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Fræðsla, mat og umræður fara að mestu fram á skipulagsdögum leikskólans. Vegna Covid-19 var lítið hægt að sækja námskeið og ráðstefnur. Við nýttum mannauð innan skólans og fundum í sameiningu mikið af fræðigreinum, meistararitgerðum og öðru lesefni sem okkur þykir nýttast vel í starfinu í Seljakoti.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2021 - 2022:

September: Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár. Þeir fara yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári. Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.

Október: Gamli

leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.

Nóvember: Heimsóknir elstu barnanna í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma



og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.

Febrúar: Elstu börnin fara í heimsókn tvö í grunnskólana.

Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2021-2022.

Maí: Elstu börnin fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar gögnum varðandi börnin til grunnskólanna.

8 Foreldrasamvinna

- Samkvæmt 9. gr. laga um leikskóla skulu foreldrar gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samstarf við starfsfólk leikskóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta heimila og skóla.
- Boðið er upp á valfrjáls foreldraviðtöl í nóvember 2021
- Foreldraviðtöl verða fyrir alla foreldra í febrúar 2022 og í maí/júní fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólagöngu að hausti.



- Við minnum einnig á að foreldrar geta alltaf fengið viðtal ef þess er óskað.
- Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem byrja í Seljakoti sumar/haust 2022 verður haldinn í maí/júni 2022 og/eða foreldrar verða boðaðir í viðtal eftir því sem við á.
- Allir nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal áður en aðlögun hefst.

Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar auk leikskólastjóra. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008)

Foreldrafélag

Í foreldrafélaginu sitja sex foreldrar auk áheyrnarfulltrúa starfsmanna, kosið er í félagið að hausti. Foreldrafélag Seljakots stendur fyrir ýmsum upptækum bæði utan og innan leikskólatíma og hefur borið kostnað af ýmsu sem við myndum annars ekki gera, eins og t.d. leiksýningar. Ferðir utan leikskólatímans eru skammtileg viðbót við leikskólastarfið og gefur fjölskyldum leikskólabarnanna tilefni til að kynnast og skemmta sér saman.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Föstudagur 10. september, skipulagsdagur
- Föstudagur 15. október, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Föstudagur 26. nóvember, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Mánudagur 7. febrúar, skipulagsdagur
- Miðvikudagur 16. mars, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Föstudagur 13. maí, skipulagsdagur

Við fáum sex daga á ári til að skipuleggja leikskólastarfið og til að stunda símenntun. Þessir dagar koma fram í starfsáætlun leikskólans og eru auglýstir með góðum fyrirvara. Að þessu sinni eru þrír dagar á starfsárinu samræmdir, þ.e. allir leik- og grunnskólar í Seljahverfi eru með skipulagsdaga 15. október, 26. nóvember og 16. mars.



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 skóladagatal 2021-2022

10.2 Fylgiskjal 2 Menntastefna umsókn 2021

10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Seljakots

Sigríður Kristín Jónsdóttir

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining fer fram á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengdum Menntastefnu Reykjavíkurborgar og áherslum úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkenndu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráð til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Starfsáætlun Leikskólans Seljakots 2021-2022
Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:
Ásdís Gunnarsdóttir
María Huld Ingólfssdóttir
Sólveig Steinunn Pálsdóttir

Við frá foreldraráðinu vottum hér með að starfsáætlunin sé yfir lesin og samþykkt.

Alltaf gaman að lesa um metnaðarfullt leikskólastarf. Forsíðumyndin er frábær byrjun á áætluninni, leggur línurnar og er lýsandi fyrir starfið, sól og regnbogi í útiveru. Við erum afar ánægðar að sjá að verið er að innleiða námsefnið Lubbi finnur málbein í Seljakoti.

Leikskóladagatal 2021 - 2022

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		
1	S		1 M	1 F		1 M		1 M	Fullveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ		1 F		1 S	Verkalyðsdagurinn	1 M		
2	M	Friðagur verslunarmanna	2 F	2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 M		2 L		2 M		2 F		
3	Þ	Sumarlokun	3 F	3 S		3 M		3 F		3 M		3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F		
4	M	Sumarlokun	4 L		4 M	4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 F		4 M		4 M		4 L		
5	F	Sumarlokun	5 S		5 Þ	5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F		5 S	Hvítasunnudagur	
6	F	Sumarlokun	6 M		6 M	6 L		6 M		6 F	Þrettándinn	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M	Annar í Hvítasunnu	
7	L		7 Þ	7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 M	Skipulagsdagur	7 M		7 F		7 L		7 Þ		
8	S		8 M	Dagur læsis	8 F	8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ		8 F		8 S		8 M		
9	M	Sumarlokun	9 F		9 L	9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F		
10	Þ	Sumarlokun	10 F	Skipulagsdagur	10 S	10 M		10 F		10 M		10 F		10 F		10 S	Pálmásunnudagur	10 Þ		10 F		
11	M	Sumarlokun	11 L		11 M	11 F		11 L		11 Þ		11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 M		11 M		11 L		
12	F	Leikskólinn opnar	12 S		12 Þ	12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Sjómannadagurinn	
13	F		13 M		13 M	13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M		13 F	Skipulagsdagur	13 M		
14	L		14 Þ		14 F	14 S		14 Þ		14 F		14 M	Bolludagur	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ		
15	S		15 M		15 F	Skipulagsd. allir Seljahverfi	15 M	15 M		15 L		15 Þ	Sprennidagur	15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M		
16	M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F	16 S		16 M	Öskudagur	16 M	Skipulagsd. allir Seljahverfi	16 L		16 M		16 F		
17	Þ		17 F		17 S	17 M		17 F		17 M		17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn	
18	M		18 L		18 M	18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L		
19	F		19 S		19 Þ	19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S		
20	F	Elstu börn hætta	20 M		20 M	20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F		20 M		
21	L		21 Þ		21 F	21 S		21 Þ		21 F	Bóndadagur	21 M		21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ		
22	S		22 M		22 F	22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F		22 S		22 M		
23	M		23 F		23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M	23 M		23 L		23 M		23 F		
24	Þ		24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F	
25	M		25 L		25 M	25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F		25 F		25 M		25 M		25 L		
26	F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ	26 F	Skipulagsd. allir Seljahverfi	26 S	Annar í jólum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S		
27	F		27 M		27 M	27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M		27 F		27 M		
28	L		28 Þ		28 F	28 S		28 Þ		28 F		28 M		28 M		28 F		28 L		28 Þ		
29	S		29 M		29 F	29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M		
30	M		30 F		30 L		30 Þ	30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F		
31	Þ			31 S	Hrekkjavaka			31 F	Gamlársdagur	31 M				31 F				31 Þ				

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

A hluti umsókn um styrk 2021-2022

Vegna Covid náðum við ekki að vinna með Flakk síðastliðið skólaár.

Áskoranir og tenging við menntastefnu

Hvaða áskorunum er verið að bregðast við með þessu verkefni? Af hverju er verkefnið mikilvægt?

Félagsfærni er grunnur að öllu starfi sem síðar er byggt ofan á. Skólinn hefur stækkað og er nú í tveimur byggingum. Við viljum skapa tengingu milli gamla hússins og nýja hússins. Við viljum að skólabragur Seljakots flæði inn á allar deildir. Við notuðum gátlista menntastefnunnar til þess að skoða hvað var vel gert og hvað mætti bæta. Við viljum styrkja vinnu okkar í flakkinu og valdefla börnin í leikskólanum enn frekar. Tvisvar í viku velja börnin sér svæði og verkefni þvert á húsinn, við köllum stundina Flakk. Börn og kennarar flakka um allan leikskólann. Leikskólanum er skipt upp í sex svæði sem tengjast öllum þáttum menntastefnunnar og geta börn og kennarar valið sér svæði og verkefni eftir áhuga og vilja. Flakkið stendur yfir í rúman klukkutíma og geta börnin farið óhindrað á milli verkefna. Börnin kynnast fleiri svæðum í leikskólanum og leika og læra með börnum á öðrum deildum, þau njóta sín í fjölbreyttu og skemmtilegu starfi þar sem kennararnir fylgja þeim eftir og sjá til þess að verkefni séu skemmtileg, áhugavetjandi og í tengslum við grunnþætti og námssvið leikskólans. Vinátta í verki verður til þegar börnin kynnast hvert öðru, þau yngri læra af þeim eldri og allir öðlast meira öryggi. Við viljum skapa lærdómssamfélag þar sem börn og kennarar vinna með Flakkið og skoðum hvernig, af hverju og til hvers við erum með Flakk.

Einnig viljum við bæta við 1- 2 svæðum þar sem skólinn er að stækka. Ein ný deild er að opna á haustmánuðum 2021 og við höfum fengið stóran hreyfisal. Við höfum áhuga á að tengja Lubbi finnur málbein við Flakkið og mögulega gera Lubba stöð í Flakkinu sem þátt í að færa okkur í átt að því að vinna meira með læsi í tengslum við menntastefnuna.

Við viljum einnig fá Vöndu Sigurgeirsdóttur hjá KVAN með fræðslu og námskeið um einelti, inngrip sem virka. Þetta námskeið fellur vel að félagsfærni þættinum og mun styrkja okkur sem kennara í að vinna með einelti ef/þegar slíkt kemur upp.

Einnig langar okkur að athuga möguleikann á því að fá leiksýningu fyrir börnin með Leikhópnum Lottu þar sem verið er að fjalla um mikilvægi vináttu og samlyndis. Leikhópurinn Lotta hefur í gegnum tíðina sett upp mörg þematengd leikrit og oft verið fjallað um vináttuna.

Hvaða þætti menntastefnunnar verður fyrst og fremst unnið að í verkefninu? Veljið eitt af eftirfarandi: *

- ☐ Að láta drauma barna rætast
- ☐ Fagmennska og samstarf
- ☐ Virkni barna og þátttaka
- ☐ Sjálfsefning
- ☒ Félagsfærni
- ☐ Læsi
- ☐ Sköpun
- ☐ Heilbrigði

Hvaða öðrum þáttum menntastefnunnar verður unnið að í verkefninu? (Merkið við einn eða fleiri þætti) *

- ☐ Að láta drauma barna rætast
- ☒ Fagmennska og samstarf
- ☒ Virkni barna og þátttaka
- ☒ Sjálfsefning
- ☐ Félagsfærni
- ☒ Læsi
- ☐ Sköpun
- ☐ Heilbrigði

Markmið

Hver eru helstu markmið verkefnisins, hvernig endurspeglar þau þætti menntastefnunnar og hver er væntanlegur ávinningur fyrir börn í skóla- og frístundastarfi? *

Helstu markmið verkefnisins eru að efla félagsfærni barna, styrkja vináttu meðal barna og meta fjölbreytileika, að allir geti eitthvað en enginn geti allt. Vináttu í verki verður til þegar börnin kynnast hvert öðru, þau yngri læra af þeim eldri og allir öðlast meira öryggi. Á öllum svæðum í flakkinu er unnið að fjölbreyttum og ólíkum verkefnum sem öll eiga það sameiginlegt að efla félagsfærni og endurspeglar þann þátt menntastefnunnar. Við sem kennarar erum fyrirmyndir barnanna og fyrirmyndir í samskiptum okkar á milli. Við viljum skapa lærdómssamfélag þar sem börn og kennarar vinna með flakkið og skoðum hvernig, af hverju og til hvers við erum með það. Ávinningur eru börn sem hafa trú á eigin getu, sýna samkennd, góðvild og virðingu hvert fyrir öðru.

Framkvæmd

Lýsing á framkvæmd verkefnisins og tímaáætlun

Þessi hluti innleiðingar menntastefnunnar stendur yfir í eitt ár. Ef við teljum þörf á munum við lengja verkefnið. Við munum nota upphaf skólaárs til þess að setja niður rýnihópa starfsmanna fyrir hvert svæði í flakki þvert á deildir. Við munum setja saman rýnihópa barna og fá þau til liðs við okkur að þróa og meta flakkið. Við munum nota haustönn til þess að hefja vinnu rýnihópanna. Við ætlum að heimsækja leikskóla sem vinna með svipaðar aðferðir. Við munum fá fyrirlestra á skipulagsdögum tengda verkefninu. Við munum gefa tíma og rúm til lesturs fræðigreina.

Mat á verkefni

Hvernig verður árangur verkefnisins metinn?

Starfsmenn ígrunda starfið á skipulagsdögum. Starfsmenn meta framþróun verkefnisins í rýnihópum. Börnin meta starfið með demantaaðferðinni. Starfsmannahópurinn fékk fyrirlestur um demantaaðferðina á starfsdegi í mars 2019. Við lok verkefnisins höfum við í hyggju að til verði einhverskonar afurð sem lýsi verkefninu og geti nýst okkur í áframhaldandi vinnu við flakkið.

Kostnaðaráætlun

Sundurliðuð kostnaðaráætlun. Gróf áætlun um laun, efniskostnað, aðkeypta þjónustu o.fl.

Starfsmannafundur - að hausti 390 þúsund Starfsmannafundur - að vori 390 þúsund Fáni með merki (logo) leikskólans 103 þúsund. Prentun og vinnsla við afurð verkefnisins 104 þúsund. Lubba námskeið 113 þúsund. Hljóðasmiðjan allur pakinn 73500kr

Vanda Sigurgeirsdóttir námskeið einelti, inngrip sem virka. 150 þúsund. Leiksýning með Leikhópnum Lottu 100 þúsund. Við komum til með að nýta okkur fjárhæð frá síðasta ári í þetta líka.

Athugið!

Við lok verkefnis skal hver starfsstaður skila greinargerð og veita þar upplýsingar um verkefnið. Við upphaf verkefnis er 2/3 hlutar styrksins greiddir út og 1/3 við skil greinargerðar, í síðasta lagi þann 1. júní 2021. Skrifstofustjórar fagskrifstofu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs sjá um ferli umsókna og afgreiðslu en sviðsstjóri ber ábyrgð á úthlutun.